

1911

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 213/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurpáli Eiríki Garðarssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Lyf. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 8. maí 1992. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fallast ber á sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíákvæða, og verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1992 var frestað framkvæmd ökuleyfissviptingar ákærða samkvæmt hinum áfrýjaða dómi, sbr. 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Rétt þykir, að hún komi til framkvæmda við birtingu þessa dóms fyrir ákærða.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Svipting ökuréttinda ákærða, Sigurpáls Eiríks Garðarssonar, kemur til framkvæmda við birtingu dóms þessa fyrir honum.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 2. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 170/1992: Ákærvaldið gegn Sigurpáli Eiríki Garðarssyni, sem tekið var til dóms 25. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. ágúst sl., á hendur Sigurpáli Eiríki Garðarssyni, Vesturgötu 33 A, Reykjavík, kennitala 261134-7569, „fyrir að aka þriðjudaginn 28. ágúst 1990 bifreiðinni R-69405 um götur í Reykjavík, enda þótt hann væri þá undir slíkum áhrifum lyfja, að hann var ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega, en lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Bæjarháls og Höfðabakka.

Telst þetta varða við 2. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101 gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakar-kostnaðar“.

— — —
Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærði viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-69405 frá sumarbústað við Rauðavatn til Reykjavíkur 28. ágúst 1990, en lögreglan stöðvaði akstur ákærða á mótum Bæjarháls og Höfðabakka. Hefur ákærði viðurkennt, að fyrir aksturinn hafi hann neytt lyfjanna mogadons og efedrins, en einungis í því magni, sem læknir hans ráðlagði honum, og hafi hann ekki fundið til áhrifa lyfjanna við aksturinn.

Í Nýju íslensku lyfjabókinni, sem gefin er út 1988, kemur fram um lyfið mogadon, að innihaldsefni þess sé nitrazepam. Sé það notað sem svefnlyf fyrir þá, sem erfitt eigi með að sofna. Verkun þess komi venjulega fram innan 30 mínútna frá töku, en það skiljst hægt út úr líkamanum. Venjulegur skammtur sé ein tafla (5 mg) fyrir svefn, en aðrir skammtar séu stundum notaðir. Notkun lyfsins hafi í för með sér ávanahættu, og það sé þríhyrningsmerkt, sem þýði, að notkun þess slævi viðbragðsflýti og eftirtekt. Akstur og önnur nákvæmnisvinna, sem hafi í för með sér slyshættu, sé því varasöm, meðan lyfið sé tekið. Þá geti verkun lyfsins verið breytileg, ef önnur lyf séu tekin samhliða.

Síðarnefnda lyfsins, sem ákærði kveðst hafa neytt, er hins vegar ekki getið í framangreindri bók, en samkvæmt upplýsingum, sem dómurinn hefur aflað sér, er það ekki á sérlyfjaskrá og mun vera lítið notað hérlendis. Lyfið er svokallað forskriftarlyf og einkum notað sem asmalyf.

Lögreglumenn þeir, sem komið hafa fyrir dóminn til skýrslugjafar, eru allir þeirrar skoðunar, að ákærði hafi ekki, eins og hann var á sig kominn, verið í ástandi til að aka bifreið greint sinn. Hafa þeir lýst ástandi ákærða, og er framburður þeirra í því efni samhljóða í veigamiklum atriðum. Þótt ekki liggi fyrir niðurstöður um lyfjainnihald í blóði ákærða og mat á því, hvað það hafi í för með sér, þykir þó mega miða við framburð lögreglu-

mannanna. Er það þekkt í ölvunarakstursmálum, að treyst sé framburði vitna um áfengisáhrif, þegar ekki liggja fyrir niðurstöður alkóhólranssóknna. Framburður lögreglumannanna er, sem fyrr segir, samhljóða í veigamiklum atriðum og ekkert það fram komið í málinu, sem veikir framburð þeirra. Telst því sannað með framburði vitnanna Gunnars Sigurðssonar, Rúnars Oddgeirssonar og Friðriks Hermannssonar, að ákærði hafi verið undir slíkum áhrifum lyfja greint sinn, að hann hafi verið ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega. Hefur ákærði með framanlýstri háttsemi brotið gegn 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða spannar sakaferill hans 40 ár. Hefur hann frá árinu 1954 alls verið dæmdur 39 sinnum, aðallega fyrir auðgunarbrot og skjalafals. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt dómum þessum orðin tæp 15 ár, en síðast hlaut hann refsisdóm 22. nóvember 1990. Þá hefur ákærði margsinnis verið sektaður fyrir áfengislagabrot og einu sinni fyrir ölvunarakstur.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Við ákvörðun hennar ber að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald sex daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 101. gr. umferðarlaga, ber að svipta ákærða ökuréttindum. Þykir hæfilegt, að sviptingin vari í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurpáll Eiríkur Garðarsson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi sex daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal vera sviptur ökuréttindum í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.